

Upplýsingagjöf og fræðsla við leghálssýnatöku

Tilgangur

Að lýsa nauðsynlegri upplýsingagjöf til kvenna varðandi skimun fyrir leghálskrabbameini.

Ábyrgð

Sýnatökuaðilar bera ábyrgð á að veita upplýsingar í samræmi við þetta gæðaskjal.

Yfirlæknir Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana (SKS) ber ábyrgð á að innleiða samþykkt verklag.

Upplýsingagjöf og fræðsla

Við leghálssýnatöku er mikilvægt að veita upplýsingar um tilgang sýnatöku, framkvæmd, hvar og hvenær vænta má niðurstöðu.

Tilgangur / ástæða sýnatöku

Gott er byrja á að sannreyna ástæðu komunnar með því að vísa í skimunarsögu. Hér eru dæmi sem hægt er að nýta í upphafi komu:

Kona sem er að koma í reglubundna skimun	<i>Þú ert að koma í skimun. Ég sé að þú hefur komið reglulega og síðast þegar þú komst þá var eðlilegt sýni.</i>
Kona sem er að koma í eftirlit	<i>Þú ert að koma í eftirlit eftir keiluskurð... Þú ert að koma í eftirlit af því að síðasta sýni reyndist vera...</i>
Kona sem er að koma í skimun í fyrsta sinn	<i>Þú ert að koma í leghálsskimun í fyrsta sinn...</i>

Nánari upplýsingar

Gott er að veita upplýsingar um hvernig rannsókn er gerð á sýninu og hver næstu skref eru. Hér eru dæmi sem hægt er að nýta við upplýsingagjöf:

Skimanir	
<i>Þar sem þú ert á aldrinum 23-29 ára...</i>	<i>...verður sýnið þitt sent til frumugreiningar. Ef niðurstaðan er eðlileg, færðu næst boð um skimun eftir 3 ár. Ef niðurstaðan er ekki eðlileg, færðu upplýsingar um næstu skref.</i>
<i>Þar sem þú ert orðin 30 ára...</i>	<i>...verður gerð HPV greining á sýninu. Ef niðurstaðan er eðlileg, færðu næst boð um skimun eftir 5 ár. Ef þú reynist vera með HPV færðu upplýsingar um næstu skref.</i>
Eftirlit	
<i>Óháð aldri</i>	<i>Sýnið þitt verður skoðað m.t.t. fyrri niðurstöðu og þú munt fá upplýsingar um næstu skref.....</i>

Veita þarf upplýsingar um hvenær og hvar vænta má niðurstöðu.

Allar konur, óháð aldri og ástæðu sýnatöku

Niðurstaðan ætti að vera komin innan 4 vikna og birtist á Ísland.is og í Heilsuveru. Þú færð alltaf svar, hvort sem niðurstaðan er eðlileg eða óeðlileg.

Þú getur alltaf haft samband við Samhæfingarstöð krabbameinsskimana til að fá nánari skýringar og upplýsingar.

Kona óskar eftir að taka nafn sitt af skimunarskrá

Ef kona óskar eftir því að fá ekki framfar boð um skimun má benda henni á að hafa samband við SKS með tölvupósti á krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is eða í síma 513-6700 kl. 8:30-12:00 virka daga.